



ÚT / INN

OUT / IN

Hlynur Hallsson

Hafnarhús

6. nóvember 2008 – 11. janúar 2009



ÚT / INN

ÚT í borgina INN í safnið

ÚT úr rammanum INN í listina

Orðið safn hefur tvíþætta merkingu þegar talað er um listir og menningarsögu. Annars vegar er safn opinbert rými – bygging opin almenningi þar sem verk eða munir eru sýndir og varðveittir. Hins vegar vísar safn til safneignar – þeirra listaverka eða muna sem varðveittir eru í stofnuninni. Hvort sem rætt er um safn sem umgjörð eða fjöldi listaverka hefur það táknrænt gildi og í því er fólgið menningarlegt vald sem hefur verið listamönnum uppspretta hugleiðinga um gildi listar og áhorfandann sem hluta af félagslegri heild.

Verk Hlyns Hallssonar ÚT / INN rannsakar safnið sem merkingarhlöðna umgjörð og gerir tilraun til að varpa ljósi á venjur og upplifun áhorfandans í hefðbundnu safnarými. Þetta gerir listamaðurinn með því að færa listaverk út úr sínu vanalega umhverfi sýningarsalarins og sýna í staðinn hluti í safninu sem ekki eru höfundarverk ókveðinna listamanna. Þannig valdi Hlynur verk úr safneign Listasafns Reykjavíkur til sýningar hjá þjónustuaðilum í miðborginni og fékk í staðinn hluti sem færðir voru inn í safnið og sýndir þar sem listaverk. Verkin og hlutirnir eru settir í nýtt samhengi sem ógrar hugmyndum um það hvers konar umhverfi hæfi listaverkum sem talin eru nógu verðmæt til að tilheyra safneign um aldur og ævi. Upplifun áhorfandans af verkunum er skekkt þar sem hann hefur ekki þau félagslegu viðmið sem umhverfi safna hefur mótað í aldanna rás.

Frá því fyrir miðja 20. öld hefur hugmyndin um hvíta ferninginn verið ráðandi við framsetningu myndlistar í söfnum og öðrum sýningarsölum – einstök verk í hlutlausu rými. Hugmyndin um hlutleysi hefur þróast á síðari árum og eru söfn samtímans oft rýmisleg eða hugmyndaleg forsenda verka sem þar eru sýnd. Verk Hlyns er af þessum meiði, hann storkar hlutleysinu og býður áhorfandanum að upplifa og meta listaverkin í samhengi sem er fjarri því umhverfi sem safnið býður upp á. Þessi nálgun kallar ekki eingöngu á spurningar sem lúta að merkingahlöðinni umgjörð safnsins heldur einnig spurningar sem lúta að áhorfandanum sem listnjótanda. Hvenær leyfa

menn sér að leita að innra samhengi eða gildi hluta?

Hlutirnir sem Hlynur hefur valið til að sýna í safninu eru ýmist tengdir þjónustu og rekstri eða eru varningur sem seldur er í verslunum og tilheyrir því neyklusamfélaginu sem listasafnið hefur tilhneigingu til að firra sig. Þegar umræddir hlutir eru komnir inn í safnið eru þeir meðhöndlaðir sem listaverk og framsetning þeirra er samkvæmt þeim siðum og reglum sem gilda innan safna. Þiggjendur þjónustu og neytendur í verslunum miðborgarinnar líta á þessa hluti sem sjálfsagða og fjarri því að vera þrungna merkingu – En safnið hefur vissulega áhrif á þessa nálgun. Yfirbragð sýningarsalar á sýningu sem þessari, þar sem nýttahlutir eru bornir inn í safnið, þarf þó ekki að vera frábrugðið mörgum samtímasýningum þar sem fundnir og aðkeyptir hlutir eru listaverk eða hlutar listaverka – þó að með öðrum formerkjum sé.

Hlynur Hallsson hvólfir safninu og sáir verkum út um miðborgina og færir svo hversdagslega hluti inn í safnið þar sem þeir eru settir á stall listaverka. Hann ógrar ríkjandi gildismati og þeim lögmálum sem gilda um listaverk sem sýnd eru í sölum safnsins, um safngripina, umhverfi þeirra og samhengi. Sýningin er leiðangur sem kannar innra gildismat um leið og hún er ferðalag um miðborg Reykjavíkur. Góða ferð!

Ólaf K. Sigurðardóttir, sýningarstjóri.



BORGIO
HÉR

OUT / IN

OUT to the city IN to the museum

OUT of the frame IN to art

In the context of art and cultural history, the word "safn" in Icelandic, has a twofold meaning. "Safn" is, on the one hand, a museum, a building open to the public, in which works of art or objects are displayed and preserved. On the other hand, "safn" refers to a collection – the works of art or objects accumulated and preserved in the institution. Whether "safn" is seen as a building or a collection, it has symbolic meaning and embodies cultural power. This power has inspired many artists to consider both, the value of art and the viewer as a part of a social entity.

Hlynur Hallsson's work, OUT/IN, is an investigation of the museum as a semantically loaded site. The artist seeks to highlight the conventions and the experiences of viewers in the traditional space of the museum. This Hallsson does by taking works of art out of their "natural habitat" of the exhibition space and bringing in to the museums objects that are not defined as works of individual artists. For this purpose, Hallsson borrows works from the collection of the Reykjavik Art Museum to exhibit them at stores and other establishments of service and goods in the city center. He then takes exchange objects, from these same places and exhibits them in the museum as works of art. The objects, in both cases, are then put into new contexts, thus challenging received ideas about what kind of sites are suitable for works of art, worthy of being collected and preserved for "all eternity". The viewer's experience of the works is, then, partly destabilized as he hasn't the social references and codes of conduct shaped by the museum for centuries.

Since before the middle of the 20th century the concept of the white cube has been dominant in the representation of art in museums and other exhibition spaces – unique works in a neutral space. The idea of neutrality has developed in the last decades and contemporary museums are often the spatial and/or conceptual premises of the works exhibited there. Hallsson's work is of this kind; he challenges neutrality and invites the viewer to experience and evaluate the

works in a context far removed from the environment of the museum. This approach not only asks questions that relate to the semantically loaded site of the museum, but also broaches questions that have to do with the viewer's experience of art. Under what circumstances do people allow themselves to look for the inner context or the true value of objects?

The objects Hallsson has selected to exhibit in the museum are either ordinary commodities, sold in stores, or objects related to the service sector, and therefore have a strong reference to the consumer society, a phenomenon that the museum tends to distance itself from. When the objects have entered the museum they are treated as art and presented in line with the protocols and rules of the museum. The users of services and consumers in down-town stores usually look at these mundane objects as commonplace, quite empty of meaning. The site, however, unavoidably affects this attitude. The atmosphere of the museum in an exhibition like the present one, in which practical objects are brought into the museum, are not necessarily different from many contemporary exhibitions in which readymades are seen as art, or used to form a part of a work of art – albeit under different banners.

Hlynur Hallsson turns the museum upside-down and disseminates works of art throughout the city center. He goes on to import ordinary objects into the museum where they are then put on a pedestal, so to speak, as art. Hallsson challenges the received system of values and the principles that govern art exhibited in the museum's exhibition spaces, art collections, the exhibition spaces and the context of the same. The present exhibition is a journey that explores inner values as well as a journey through the center of Reykjavik. Bon voyage!

Ólaf K. Sigurðardóttir, curator

ÚT / INN

Eftirtaldir taka þátt í verki Hlyns Hallssonar með því að sýna verk úr safneign Listasafns Reykjavíkur og leggja til hluti sem sýndir eru í safninu:

Víkingur / Viking

Hafnarstræti 3

Verk / Artwork:

Karin Sander,

Finnbogi Pétursson, 2000

Subway

Austurstræti 3

Verk / Artwork:

Guðmunda Andrésdóttir,

Án titils / Untitled, 2001

Gyllti kötturinn

Austurstræti 8

Verk / Artwork:

Hörður Ágústsson,

Samlagning I /

Addition I, 1976

Hársaga

Austurstræti 6

Verk / Artwork:

Ragnar Kjartansson,

Guð / God, 2007

Landsbankinn

Austurstræti 11

Verk / Artwork:

Róska,

Lifi frelsið /

Viva la Libertad, 1973

Verslunin Eymundsson

Austurstræti 18

Verk / Artwork:

Guðrún Vera Hjartardóttir,

Áhorfandi / Spectator, 1996

Verslunin 10 – 11

Austurstræti 17

Verk / Artwork:

Eggert Pétursson,

án titils / Untitled, 1991

Aurum

Bankastræti 4

Verk / Artwork:

Sólveig Aðalsteinsdóttir,

án titils / Untitled, 1993

66° norður

Bankastræti 5

Verk / Artwork:

Ásmundur Sveinsson,

Gegnum hljóðmúrinn /

Through the Sound Barrier,
1952

Kaffitár

Bankastræti 8

Verk / Artwork:

Kristján Guðmundsson,

6 x 13 jafntímalínur /

6 x 13 Balanced Timelines,
1974

OUT / INN

The following participate in Hlynur Hallsson's artwork by exhibiting works from the Reykjavik Art Museum's collection and contributing items to be exhibited in the museum:

Móttikúlti

Ingólfstræti 8

Verk / Artwork:

Jóhannes S. Kjarval,

Eldfákar / Fire Horses,

ártal óvitað / year unknown

Vísir

Laugavegi 1

Verk / Artwork:

Hreinn Friðfinnsson,

Cast, 1994

Kartmann

Laugavegi 7

Verk / Artwork:

Birgir Andrésón,

Mannlýsing I og II /

Portrait I and II, 2004

Kisan

Laugavegi 7

Verk / Artwork:

Ásmundur Ásmundsson,

Fantagott Pepsi /

Fantagood Pepsi, 2000

Verslunin Bláa Iónið / Blue

Iagoon

Laugavegi 15

Verk / Artwork:

Magnús Pálsson,

Sólskrikja, mús, kengúra /

Snow Bunting, Mouse,

Kangaroo, 1980 - 94

Lýfja

Laugavegi 16

Verk / Artwork:

Hulda Hákon,

There must be

somebody..., 1992

Gallerí 18

Klapparstíg 33

Verk / Artwork:

Gunnlaugur Blöndal,

Frú Áslaug Ágústsdóttir,

ártal óvitað / year unknown

Varðan

Greittisgötu 2a

Verk / Artwork:

Ilmur Stefánsdóttir,

HOOKON-

Innkaupahanskar /

HOOKON-Shopping

Gloves, 2001

Skílan

Laugavegi 26

Verk / Artwork:

Gjörningaklúbburinn /

Icelandic Love

Corporation,

Girnilegar konur /

Delicious Women, 1996

Brynja

Laugavegi 29

Verk / Artwork:

Hrafnkell Sigurðsson,

án titils / Untitled, 2003



Sunnudag – 16. nóvember – kl. 14
Hafnarhús – Fjölskylduleiðsögn
Leiðangur fyrir börn og fullorðna.

Sunday – 16 November – 2 p.m.
Hafnarhús – Family programme
Expedition for children and adults.

Sunnudag 30. nóvember kl. 15
Listamannspjall Hlynur Hallsson

Sunday 30 November at 3 p.m.
Artist's Talk Hlynur Hallsson

Gestir safnsins eru hvattir til að skoða verk úr safneigninni sem sýnd eru víðsvegar um borgina.

Guests are encouraged to visit the exhibition sites in the city center during opening hours.

Opið Opening hours

Hafnarhús Tryggvagata 17, daglega/daily 10–17
Fimmtudaga til/Thursdays to 22

Kjarvalsstaðir Flókagata, daglega/daily 10–17

Ásmundarsafn Ásmundur Sveinsson Sculpture Museum, Síglún
1.5.–30.9. daglega/daily 10–16
1.10.–30.4. daglega/daily 13–16

Ókeypis aðgangur

Free admission

Hafnarhúsið er opið til kl. 22:00 öll fimmtudagskvöld.

Fjölbreytt dagskrá.

All Thursdays Hafnarhús is open until 10 p.m.

Diverse events.

Alla sunnudaga kl. 15 er leiðsögn um sýningar á Kjarvalsstaðum og í Hafnarhúsi.

Hægt er að panta leiðsögn fyrir hópa.

Hægt er að fá leiðsögn á erlendum tungumálum.

Í boði er táknmálstúlkun við sunnudagsleiðsögn; panta þarf túlkun með viku fyrirvara.

Guided tours in English available upon request.

Guided tours in English Wednesdays at 11 a.m. at Kjarvalsstaðir.

Upplýsingar / Info: fraedsludeild@reykjavik.is

Þjónustuaðilum er þakkað gott samstarf.

Collaborators in the city center are thanked for their contribution.

